




**AUSTURBRÚ**

þekking - þróun - þjónusta

**Ársskýrsla 2014**



# Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	2
Um Austurbrú	4
Fjármál og stoðþjónusta	5
Starfslíð, stjórn og nefndir	6
Stefna 2014-2020	8
Atvinna og nýsköpun	10
Fræðslumál	16
Markaðsmál	24
Menningarmál	30
Samband sveitarfélaga á Austurlandi	36

Austurbrú - Ársskýrsla 2014, maí 2015

Útgefandi: Austurbrú ses.

Umbrot: Gjallarhorn

Myndir: Forsíðumyndina tók Hrefna Melsteð en skýrslan er skreytt með myndum úr póstkortakeppni sem Austurbrú stóð fyrir á árinu 2014. Nánari upplýsingar um myndirnar má finna hér: [flickr.com/austurbru](https://www.flickr.com/photos/austurbru/)

**Austurbrú | Vonarlandi, 700 Egilsstaðir | 470-3800 | [austurbru.is](http://austurbru.is) | [austurbru@austurbru.is](mailto:austurbru@austurbru.is)**

# Ávarp framkvæmdastjóra

Fyrir þremur árum var sett fram framtíðarsýn fyrir Austurland undir merkjum sóknaráætlunar landslutans. Sýnin var sú að landslutinn yrði staður fólks, fjárfesta og fyrirtækja sem vilja byggja upp sjálfbært samfélag auk þess sem landslutinn yrði áhugaverður valkostur fyrir ungt fólk til búsetu og starfa.

Í þessari framtíðarsýn eru tvö atriði sem við þurfum að rýna sérstaklega, þ.e. hvað felst í hugtakinu sjálfbært samfélag og hverjar eru kröfur ungs fólks í dag þegar kemur að búsetu og störfum.

Sjálfbærni samfélaga snýst um velferð fólksins sem á svæðinu býr og æskilegt jafnvægi milli samfélags, umhverfis og efnahags. Sjálfbærni er ferli stöðugra umbóta - að gera betur á morgun en við gerðum í gær. Mikil þróun og uppbygging hefur átt sér stað á Austurlandi síðastliðin 10 ár en þó eru enn fjölmörg tækifæri til að gera betur. Það er mikilvægt að við séum sammála um forgangsröðun verkefna og að sem flestir leggi hönd á plóg því þróun Austurlands er á ábyrgð allra sem í samfélaginu búa og starfa. Austurbrú er vettvangur sem var sérstaklega skapaður til að stuðla að jákvæðri þróun austfirks samfélags og mikilvægt að samfélagið líti á hana sem sitt verkfæri til stöðugra umbóta.

Í dag erum við á Austurlandi í samkeppni um unga fólkið – ekki bara við aðra landshluta heldur einnig við útlönd. Kröfur ungs fólks í dag til aðbúnaðar bæði í leik og starfi eru aðrar en þær voru fyrir 20 árum síðan. Í dag eru atriði eins og háhraðanettenging, aðgangur að fjölbreyttri þjónustu og góðum samgöngum ekki lúxus heldur grunnforsenda þess að ungt fólk sé tilbúið að búa á Austurlandi. Samfélagið þarf allt að sameinast um að grunninnviðir þess uppfylli þarfir ungs fólks – það að Austurland verði áhugaverður valkostur ungs fólks til búsetu og starfa er undirstaða þess að hægt sé að byggja upp sjálfbært samfélag til framtíðar.

Með góðri kveðju,  
Jóna Árný Þórðardóttir  
framkvæmdastjóri Austurbrúar



# Um Austurbrú

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012 á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Austurbrú annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Austurbrú starfar á öllum fagsviðum sínum á svæðinu frá Vopnafirði suður um Djúpavog. Starfsstöðvar Austurbrúar voru á sex stöðum árinu 2014; Djúpavogi, Egilsstöðum, Neskaupstað, Reyðarfirði, Seyðisfirði og Vopnafirði. Starfsaðstaðan á Egilsstöðum var tvískipt fyrri hluta árs, annars vegar á Vonarlandi og hins vegar í Miðvangi en sameinuð á Vonarland 1. september 2014.

Fræðsluvið Austurbrúar átti auk þess í samstarfi við sveitarfélög um aðgengi að húsnæði með fjarfundabúnaði vegna náms og kennslu á þeim stöðum þar sem Austurbrú hefur ekki starfsstöð.

## Skipulagsbreytingar í kjölfar framhaldsársfundar

Framhaldsársfundur Austurbrúar ses. var haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum 30. september. Á fundinum voru samþykktar breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar sem eru til þess fallnar að einfalda skipulag hennar þannig að til verði ein heildstæð stofnun sem getur betur sinnt hlutverki sínu.

Tillögurnar miðuðu að því að skýra betur skil á milli Austurbrúar og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, þær áttu að einfalda stjórnskipulag Austurbrúar í skipulagsskrá og jafnframt einfalda innra skipulag Austurbrúar í skipuriti. Markmiðið með þessum breytingum var m.a. að draga úr gömlu málaflokkaskiptingunni sem fylgdi fyrri stofnunum inn í Austurbrú.

Þá staðfesti fundurinn breytingar á innri reglum Austurbrúar ses. en starfsháttanefnd leggur til að gerðar verði umtalsverðar breytingar á innra skipulagi til að auka sveigjanleika, hvetja til þverfaglegrar samvinnu sem lagt var upp með að yrði einn af helstu kostum sameinaðrar stoðstofnunar. Breytingarnar miða einnig að því að leysa vandamál sem komið hafa upp í starfsemi og skýra og auka ábyrgð starfsmanna.

Ítarlega er fjallað um tillögur starfsháttanefndar um endurskipulagningu og á stjórnskipulagi og starfsemi Austurbrúar ses. í fundargerð framhaldsársfundar sem finna má á heimasíðu Austurbrúar [austurbru.is](http://austurbru.is).

# Fjármál og stoðþjónusta

Fjármála og stoðþjónustuvið Austurbrúar var stofnað í október 2013 og tók yfir allt bókhald og launavinnslu stofnunarinnar sem áður var unnið af Skrifstofuþjónustu Austurlands. Þá sá sviðið um bókhald og umsýslu fyrir: Atvinnuþróunarsjóð Austurlands, Vaxtarsamning Austurlands og greiðslu styrkja og umsýslu menningarstyrkja.

Við stofnun sviðsins var rafrænt samþykktarkerfi reikninga tekið í notkun en það auðveldar aðgengi að bókhaldsgögnum í fyrirtæki sem er dreifsett. Símsvörun, móttaka, ræsting, húsnæðismál og önnur stoðþjónusta voru einnig verkefni sviðsins. Árið 2014 starfaði á sviðinu fjármálastjóri, móttökuritari og ræstitæknir.

Fyrstu drög af ársreikningi lágu fyrir 11. maí 2015. Endurskoðun var framkvæmd af KPMG. Nánari upplýsingar um fjármál og rekstur Austurbrúar 2014 má finna í ársreikningi stofnunarinnar.



# Starfslið, stjórn og nefndir

Í árslok 2014 voru starfsmenn alls 25 í 21,5 stöðugildum. Þetta voru:

Anna Alexandersdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Anna Dóra Helgadóttir, fulltrúi fjármála á Egilsstöðum  
Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, fulltrúi símenntunar á Egilsstöðum  
Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnastjóri á Seyðisfirði  
Else Möller, verkefnastjóri á Vopnafirði  
Guðrún Áslaug Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna á Norðfirði  
Haraldur Geir Eðvaldsson, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Hildur Ýr Gísladóttir, náms- og starfsráðgjafi á Norðfirði  
Hrund Snorradóttir, verkefnastjóri á Vopnafirði  
Hulda Guðnadóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði  
Ingunn Bylgja Einarsdóttir, rættitæknir á Egilsstöðum  
Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri á Reyðarfirði  
Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri  
Jónína Brynjólfsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Katrín María Magnúsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Kjartan Glúmur Kjartansson, verkefnastjóri á Reyðarfirði  
Lára Vilbergsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum  
Lilja Guðný Jóhannesdóttir, verkefnastjóri á Norðfirði  
María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði  
Ragna Hreinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi á Reyðarfirði  
Sigrún Ormarsdóttir, fulltrúi menningarmála á Egilsstöðum  
Sigrún Víglundsdóttir, verkefnastjóri á Norðfirði  
Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir, verkefnastjóri háskólanáms á Egilsstöðum  
Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir, móttökuritari á Egilsstöðum

## Stjórn Austurbrúar

Stjórn Austurbrúar 2014 - 2015 er þannig skipuð:

Af vettvangi sveitastjórnarmála:

Jón Björn Hákonarson

Karl Lauritzson

Þórunn Egilsdóttir

varamaður: Páll Baldursson

Af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar:

Berglind Häsler

Sigrún Birna Björnsdóttir

Sveinn Jónsson

Sæunn Stefánsdóttir

varamaður: Adolf Guðmundsson

## Starfsháttanefnd Austurbrúar 2014 - 2015:

Björn Hafþór Guðmundsson

Guðrún Á. Jónsdóttir

Skúli Björn Gunnarsson

## Siðanefnd Austurbrúar 2014 - 2015:

Eva Dís Pálmadóttir

Gunnlaugur Sverrisson

Vilhjálmur Jónsson



# Stefna 2014-2020

Lokið var við mótun stefnu Austurbrúar á árinu 2014 og hún birt almenningi sl. haust. Hún er svohljóðandi:

## Hlutverk og viðfangsefni Austurbrúar ses.

Austurbrú vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu.

Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi. Markmiðið með henni er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf íbúum Austurlands til hagsbóta.

Verkefni Austurbrúar eru fjölbreytt og krefjandi:

- › Háskólanám og rannsóknir
- › Markaðsmál
- › Menningarmál
- › Nýsköpunar-, atvinnu- og þróunarmál
- › Símenntun

Austurbrú vinnur að því að Austurland verði staður fólks, fjárfesta og fyrirtækja sem vilja byggja upp sjálfbært samfélag.

## Gildi Austurbrúar

### Framsækni

- » Við erum leiðandi í miðlun þekkingar, rannsókna og þróunar í fjórðungnum.
- » Við erum lausnamiðuð.
- » Við erum skapandi og óhrædd að reyna nýjar leiðir í störfum okkar og hugsun.

### Fagmennska

- » Við sýnum færni og ábyrgð í störfum okkar.
- » Við leitumst við að veita hagsmunaaðilum bestu fánlegu þjónustu.
- » Við erum sanngjörn og heiðarleg.

### Samvinna

- » Við setjum markið hátt og trúum því að saman náum við betri árangri.
- » Við brúum bil og eflum tengsl ólíkra aðila til að úr verði sterkari heild.
- » Við erum hvetjandi og jákvæð.

### Mannauður

Í Austurbrú er deigla fyrir ólík sjónarmið, nýbreytni og þor til að takast á við áskoranir og reyna nýjar leiðir að sameiginlegu marki. Þar er opinn vettvangur skoðanaskipta og virðing sýnd í öllum samskiptum. Austurbrú ræktar starfsfólk sitt og ýtir undir að það vaxi í starfi. Fjölhæfni í menntun, reynslu og hæfileikum starfsfólks gerir það að verkum að stofnunin er vel í stakk búin að takast á við flókin viðfangsefni sem spanna vítt svið.

*Virk samvinna á milli málaflokka og þverfaglegt starf Austurbrúar styrkir grundvöll fyrir uppbyggilegri þróun og nýsköpun í samfélaginu.*

### Samstarf

Starfsfólk Austurbrúar gengur í takt við samfélagið og leitast við að efla jákvæðni og traust. Verkefni Austurbrúar, hvort sem þau eiga upptök sín innan hennar eða utan, taka mið af þörfum og hagsmunum samfélagsins. Austurbrú efnir reglulega til samtals við hagsmunaaðila um málefni sem á þeim brenna. Allir geta komið í Austurbrú með erindi sín, hugmyndir, uppástungur og hvaðeina sem styrkt getur Austurland.

Starf Austurbrúar einkennist af faglegri nálgun á öll viðfangsefni með það að markmiði að:

- › Hækka menntunarstig og auka rannsóknir.
- › Styrkja markaðssetningu svæðisins til búsetu, fjárfestinga og ferðalaga.
- › Þjóða fjölþætta starfsemi á sviði menningar og lista
- › Efla nýsköpun og þróun atvinnulífsins með áherslu á aukna fjölbreytni
- › Byggja upp þekkingu og auka starfshæfni fólks í fjórðungnum

*Starfsfólk Austurbrúar leggur metnað sinn í að veita faglega þjónustu og ráðgjöf sem svarar þörfum íbúanna og samfélagsins.*

## Framtíðarsýn Austurbrúar

### Öflugir atvinnuvegir

### Fjölbreytt mennta- og vísindastarf

### Gróskumikið menningarlíf

### Hágæða áfangastaður

- › Austurland verði eftirsóknarverður staður fyrir jafnt unga sem aldna til að búa og starfa á.
- › Atvinnulífið byggi á sterkum grunnstoðum og eflist.
- › Menntunarstig hækki með auknu námsframboði í heimabyggð.
- › Möguleikar til háskólanáms verði fjölbreyttir og rannsóknir og fræðastarf fastur hluti af starfi fagstofnana.
- › Menningarstarfsemi verði gróskumikil og framsækin og stuðli að auknum lífsgæðum íbúanna.
- › Austurland verði staður fólks sem vill byggja upp sjálfbært samfélag.
- › Austurland verði einstæður hágæða áfangastaður ferðamanna sem byggi á náttúru, menningu og afurðum úr héraði.
- › Rekið verði öflugt markaðsstarf með áherslu á gæði og fagvitund, í takt við samfélagið.
- › Frumkvöðlastarf og skapandi greinar styrkist með virkri samvinnu þeirra sem starfa að menntun, menningu og nýsköpun.

*Austurbrú eflir jákvæða þróun atvinnulífs, menntunar og mannlífs á Austurlandi.*

# Atvinna- og nýsköpun



Meginmarkmið nýsköpunar- og þróunarverkefna Austurbrúar er að efla og skapa tækifæri til uppbyggingar í atvinnu- og byggðapróun á Austurlandi og vinna eftir stefnumótun landshlutans. Helstu vaxtargreinar á Austurlandi eru samkvæmt sóknaráætlun 20/20 þessar: þekkingariðnaður og hugvit, Norðurslóðir, skapandi greinar, ferðaþjónusta allt árið, Drekasvæðið, hátækni og áframvinnsla hráefna (ál og fiskur).

Verkefnarammi nýsköpunar- og þróunar hjá Austurbrú skiptist í fimm meginflokkar:

1. Viðskipta- og atvinnuráðgjöf til einstaklinga og starfandi fyrirtækja.
2. Verkefni sem unnin eru í samstarfi eða að beiðni sveitarfélaga á svæðinu.
3. Svæðisbundin verkefni sem fela í sér heildstæða þróun þvert á sveitarfélög.
4. Almenn sókn og frumkvæði tengd atvinnu-, nýsköpunar- og þróunartækifærum á svæðinu.
5. Gagnaöflun og upplýsingagjöf fyrir fjórðunginn.

## Almenningssamgöngur á Austurlandi – Landshlutaverkefni SSA

Verkefnið var unnið innan nýsköpunar- og þróunarsviðs á árinu 2014 en heyrir nú undir verkefnastjóra SSA og um það er fjallað í kafla um starfsemi SSA.

## Vaxtarsamningur Austurlands

Vaxtarsamningur Austurlands hafði það að meginmarkmiði að efla Austurland sem eftirsóknarverðan valkost til búsetu. Þetta var gert með því að stuðla að atvinnuþróun með uppbyggingu svokallaðra klasa og tengslaneta en samstarf þriggja eða fleiri aðila var grundvöllur þess að verkefni fengju styrk úr samningnum. Stefna Vaxtarsamnings var að styðja við uppbyggingu í anda náttúru og sjálfbærni. Árið 2014 voru tvær úthlutanir, í júlí var úthlutað 8.300.000 til 11 verkefna og í október 9.500.000 til 8 verkefna. Vaxtarsamningurinn rann út á árinu 2014 og sóknaráætlunarsamningur tók við 2015.

## Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

Austurbrú hefur umsjón með Atvinnuþróunarsjóði Austurlands. Sjóðurinn er í eigu sveitarfélaganna í landshlutanum og hefur þann tilgang að stuðla að þróun og eflingu atvinnulífs á Austurlandi.

## Móttaka frumkvöðla og atvinnuráðgjöf.

Almenn móttaka og ráðgjöf til starfandi fyrirtækja og þeirra sem hafa hug á því að hefja rekstur. Verkefnastjóri aðstoðaði við uppbyggingu á áætlun, finna samstarfsaðila, fjárfesta o.s.frv. Unnið var með sófnum og setrum í landshlutanum að uppbyggingu þeirra og áætlunargerð. Sérstök áhersla er á afurðir Austurlands í Sóknaráætlun og er horft til skógræktar og skógarafurða.

## Áframvinnsla á áli og fiski

Tvö verkefni sem ganga út á vöruþróun og aukna verðmætasköpun úr þeim hráefnum sem verða til á Austurlandi. Í álverkefninu var m.a. unnið með Listaháskóla Íslands, Alcoa Fjarðaáli, FabLab í VA, iðnfyrirtækjum á svæðinu, Samál og skapandi greinum á Austurlandi. Í fiskverkefninu var m.a. unnið með sjávarútvegsfyrirtækjunum í landshlutanum, auðlindadeild Háskólans á Akureyri og Fljótsdals-

héraði að fiskeldi á Héraði. Samráðsfundur um áframvinnslu áls á Austurlandi var haldinn á Breiðdalsvík 28. nóvember. Viljayfirlýsing um samstarf í þekkingarsköpun í áliðnaði var undirrituð af Samál, Háskólanum í Reykjavík, Listaháskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Verkmenntaskóla Austurlands og Austurbrú.

## NABIC

NORA samstarfsverkefnið North Atlantic Business Information Centers (NABIC) var unnið í samvinnu við aðila frá Grænlandi, Noregi og Íslandi. Markmið verkefnisins var að styrkja atvinnuþróun og nýsköpun sem og samstarf milli þeirra sem taka þátt í verkefninu. Sérstök áhersla var lögð á að efla fyrirtæki á hverju svæði í faglegri vinnu við gerð umsókna, alþjóðlegra útboða og samninga. Með upplýsingum, þjálfun, ráðgjöf og stuðningi við staðbundin fyrirtæki. Málþing um útboð og samkeppnishæfni fyrirtækja undir yfirskriftinni „Eru austfirsk fyrirtæki samkeppnishæf?“ var haldið á Breiðdalsvík 26. nóvember 2014 í tengslum við NABIC. Áætlað er að verkefninu ljúki í júní 2015.

## Austurbrú og Byggðastofnun

Austurbrú vinnur eftir samningum við Byggðastofnun um byggðapróun. Þar má nefna undirbúning gagnagrunns fyrir tölfraðileg gögn um landsbyggðirnar sem Byggðastofnun kemur til með að halda utan um, ráðgjöf og samstarf við atvinnuþróunarfélög í öðrum landshlutum.





## Skapandi greinar

Sérstakur verkefnastjóri heldur utan um málaflokkinn en markmiðið er að vinna að atvinnuuppbyggingu á sviði handverks og hönnunar í nánu samstarfi við hönnuði, listhandverksmenn, listamenn og fyrirtæki á svæðinu. Einnig er unnið með vöruþróunarverkstæðum í landshlutanum, m.a. á Egilsstöðum, Vopnafirði, Seyðisfirði og Stöðvarfirði. Helstu tíðindi af vettvangi skapandi greina árið 2014 voru:

### *MAKE by Þorpið*

Þorpið var tilraunaverkefni sem sett var af stað stuttu eftir hrun af Þekkingarneti Austurlands, Þróunarfélagi Austurlands og Menningarráði Austurlands. Verkefnastjóri Þorpsins var ráðinn til Austurbrúar í lok árs 2012 og var verkefnið vistað innan nýsköpunar- og þróunarsviðs Austurbrúar þangað til 1. september 2014 en þá var undirritaður samningur milli Austurbrúar og SAM-félagsins, grasrótarfélags skapandi fólks á Austurlandi, sem kvað á um yfirfærslu verkefnisins MAKE by Þorpið til SAM-félagsins. Markmið verkefnisins er sem fyrr að vinna að atvinnuuppbyggingu á sviði hönnunar og handverks, markaðssetningu, efla sjálfbærnihugsun, samnýtingu og fagmennsku á sviði hönnunar og listhandverks. Í samningnum var kveðið á um að Austurbrú leggði félaginu starfsmann í skilgreind verkefni til tveggja ára sem öll lúta að því að efla uppbyggingu á sviði hönnunar og listhandverks.

### *Djúpið – frumkvöðlasetur á Djúpavogi*

Vorið 2014 undirrituðu Austurbrú ses, AFL stafsgreinafélag og Djúpavogshreppur viljayfirlýsingu um stofnun frumkvöðlaseturs á Djúpavogi. Þann 3 nóvember 2014 var Frumkvöðlasetrið Djúpið opnað. Tilgangur setursins er að styðja frumkvöðla við að skapa ný atvinnutækifæri á Djúpavogi og víðar í landshlutanum og var fyrsta verkefni Djúpsins að halda námskeið í nóvember um hvernig virkja eigi sköpunarkraftinn og var það vel sótt. Kennari námskeiðsins var Karl Guðmundsson ráðgjafi í vöruþróun og markaðsmálum.

AFL Starfsgreinafélag lagði setrinu til að byrja með húsnæði í Sambúð, Mörkinni 12 á Djúpavogi auk aðgangs að nettingu. Djúpavogshreppur lagði frumkvöðlasetrinu til 250.000 kr. til að standa straum af nauðsynlegum stofnkostnaði. Austurbrú ses. veitti Djúpinu samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Undir lok ársins var gerður samningur við GRAFÍT um að sinna uppbyggingu og starfsemi í Djúpinu á meðan ekki var starfsmaður á Djúpavogi.



# Fræðslumál



# Símenntun

Fjöldmörg námskeið eru haldin á hverju ári fyrir ólíka hópa. Árið 2014 voru haldin 105 námskeið, mismunandi að lengd og uppbyggingu.

Fjöldi námskeiða, þátttakenda og nemendastundir 2009-2014


	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Námskeið	124	130	137	129	144	105
Þátttakendur	1.228	1.305	1.347	1.301	1.540	1.325
Nemendastundir	37.723	33.855	45.594	50.472	45.537	41.044

Á árinu 2014 fækkaði námskeiðum mikið og einnig nemendum og nemendastundum. Erfitt er að geta sér til um ástæður þessa. Í fyrsta lagi er þetta þróun sem hefur átt sér stað hjá símenntunarstöðvum um allt land en fólk virðist hafa minni tíma og/eða áhuga núna en á fyrstu árunum eftir hrun til að sækja námskeið. Þá hefur það ef til vill haft áhrif að starfsfólki sem sinnir símenntun hjá Austurbrú hefur fækkað og minna fjármagn er til kynningarmála en áður.

Námskeið eru flokkuð í fimm flokka. Á árinu 2014 voru samtals 12 námsleiðir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kenndar á vorönn og haustönn, 10 frá Fjölmenn, 9 í íslensku fyrir útlendinga, 56 starfstengd námskeið og 18 tómsundanámskeið. Starfstengd námskeið eru flest en nemendastundir eru flestar í löngum námsleiðum FA.

Námsmönnum fækkaði á árinu 2014, konur voru 848 og karlar voru 477. Kynjahlutfallið var jafnara en á árunum á undan en konur voru ennþá mun fleiri en karlar. Meðalaldur námsmanna er 42 ár.

## Skipting eftir kyni 2014



Meðalaldur námsmanna er 42 ár.

Námskeið í **framhaldsfræðslu** eru stærsta verkefni á símenntunarsviði en þessi námskeið eru fjármögguð af Fræðslusjóði og kennd eftir námsskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Stóriðjuskólinn er fjölmennasta námsleiðin sem kennd er hjá Austurbrú þar sem eru að jafnaði um 50-60 nemendur hverju sinni í grunnnámi og framhaldsnámi. Á árinu 2014 voru einnig kenndar námsleiðirnar Landnemaskóli, Smiðja - nýting horna og beina, Fagnámskeið og Menntastöðir.

Á árinu voru haldin 9 námskeið í **íslensku fyrir útlendinga** víða um Austurland. Námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga hefur fækkað verulega á milli ára en árið 2013 voru 19 námskeið kennd. Námskeiðin eru styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Auk námskeiða í íslensku er samstarf við fyrirtæki um talþjálfun og hæfnipróf í íslensku.

Austurbrú hefur umsjón með námskeiðum fyrir fatlaða með fjármögnun frá **Fjölmenn** og voru 10 námskeið haldin á árinu. Námskeiðin voru haldin á Egilsstöðum og í Fjarðabyggð.

Samstarf er á milli Austurbrúar, STARFs vinnumiðlunar og Vinnumálastofnunar um námskeið sem sniðin eru að **þörfum atvinnuleitenda**. Sérstök áhersla var lögð á námskeiðið Virkni og kraftur þar sem aðalmarkmiðið er að virkja þátttakendur í atvinnuleit og að gera ferilskrá. Að öðru leiti taka atvinnuleitendur þátt í almennum námskeiðum sem í boði eru á viðkomandi svæði.

## Náms- og starfsráðgjöf

Austurbrú er með samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd náms- og starfsráðgjafar fyrir fólk á vinnumarkaði. Meginmarkmiðið með verkefninu skv. samningnum að veita einstaklingum með litla formlega menntun hvatningu til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði með náms- og starfsráðgjöf. Á árinu 2014 voru tekin 274 viðtöl og þar af voru 105 viðtöl við atvinnuleitendur. Hlutfall kynja var þannig að karlar voru 119 (43%) en konur 155 (57%), þetta er umtalsverð breyting frá fyrri árum þar sem konur hafa verið um 65-70 % þeirra sem leita til náms- og starfsráðgjafa. Auk ráðgjafarviðtala vegna markhóps fullorðinsfræðslu veitir náms- og starfsráðgjafi fjarnemum háskólanna ráðgjöf og þá fyrst og fremst þeim sem eru að skoða mismunandi námstækifæri hjá skólunum og einnig þeim sem þurfa aðstoð vegna námstækni og prófkviða. Þá sinna ráðgjafar einnig þjónustu við fólk sem óskar eftir að fara í raunfærnimat.

## Sérverkefni í framhaldsfræðslu

Á árinu 2014 var unnið að einu þróunarverkefni sem styrkt var af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Verkefnið heitir **Tæknistudd kennsla í námi fullorðinna** og var samstarfsverkefni með Verkmenntaskóla Austurlands. Meginmarkmið verkefnisins var að nýta tæknina til bæta aðgengi fólks að námi. Austurbrú tengdi tvö verkefni við tæknistudda námið, annars vegar nám í Menntastöðum þar sem kennslan fór að mestu fram með upptökum á netinu og með verkefnavinnu og hins vegar nám í Staðarleiðsögn þar sem fyrirlestrar voru sendir út á netinu en verkleg þjálfun fór fram um helgar.

Á árinu hófst einnig undirbúningur að samstarfsverkefni við Ferðamálasamtök Austurlands um vinnustofur og ráðgjöf varðandi innleiðingu á Vakanum, gæðakerfi í ferðaþjónustu.

## Samstarf fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu

Austurbrú er aðili Kvasi samtökum svæðisbundinna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem sinna símenntun og öðrum verkefnum skv. samningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Austurbrú er einnig aðili að Leikn sem er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu.

## Fab Lab Austurlands

Fab Lab Austurland var opnað á **Tæknidegi fjölskyldunnar, 8. nóvember 2014** og er rekið í samstarfi Verkmenntaskóla Austurlands, Austurbrúar og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Fab Lab smiðjan gefur einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Helstu viðfangsefni Fab Lab Austurland á árinu 2014 voru m.a. byggja upp smiðjuna og móta starfið, móta þátttöku í Fab Lab Ísland sem er samstarfsnet allra Fab Lab smiðja á landinu. Þá voru skipulögð námskeið fyrir almenning og komu þátttakendur víða af Austurlandi. Eins var skipulögð námskeiðaröð

fyrir SAM-félagið sem lauk með vinnuhelgi í janúar 2015. Áfangar voru kenndir fyrir Verkmenntaskóla Austurlands og nemendahópar frá Nesskóla sóttu tíma í smiðjunni.

Þess má geta að almenningur nýtti sér almenna opnunartíma árið 2014 og nokkuð var sótt í kynningar á smiðjunni, þá helst frá grunnskólum en einnig komu fyrirtæki í heimsókn. Sem dæmi um spennandi verkefni sem unnið er af almenningi eru tilraunir í gítarsmíði þar sem tæki smiðjunnar eru notuð við smíðina.

## Tæknidagur fjölskyldunnar

Verkmenntaskóli Austurlands og Austurbrú standa saman að Tæknidegi fjölskyldunnar. Hann var haldinn 8. nóvember en þetta var í annað sinn sem Austurbrú og VA taka höndum saman og skipuleggja dag sem vekur athygli á fjölbreyttum, heillandi og áhugaverðum viðfangsefnum í iðnaði, tækni og raunvísindum í fjórðungnum. Um 500 gestir sóttu Tæknidaginn 2014.

# Háskólaþjónusta

Austurbrú þjónar yfir 150 háskólanemum en erfitt er að gefa upp nákvæma tölu. Þjónusta við þá var með svipuðu sniði árið 2014 og árin á undan. Háskólanemar á svæðinu sækja próftöku, fjarfundi, ýmsa þjónustu og leiðbeiningar til Austurbrúar, auk þess sem hægt er að fá lesaðstöðu á starfsstöðvum stofnunarinnar. Nokkrir tugir nemenda nýta sér þessa þjónustu á hverri önn.

Tölur um fjölda nemenda byggja annars vegar á skráum um fjarnema frá háskólunum og hins vegar á fjölda nemenda sem taka próf. Fjarnemaskrár gefa ekki fullkomna mynd t.d. eru meistara- og doktorsnemar yfirleitt ekki á þeim skráum né nemar sem stunda annað nám sem ekki er formlega skilgreint sem fjarnám. Fjöldi þeirra sem tekur próf gefur heldur ekki endanlega mynd af fjölda fjarnema því heimapróf og verkefnaskil koma stundum í stað prófa og staðnemar frá háskólunum taka stundum prófin í heimabyggð.

*Fjöldi háskólanema, próftakenda, prófa (próftökur) hjá Austurbrú 2013 og 2014.*

	2013 vor	2013 haust	2014 vor	2014 haust
Fjöldi nema (skrá háskóla)	155	186	157	158
Fjöldi próftakenda	164	186	173	169
Fjöldi prófa	411	475	500	425



Nokkrir tugir þessara prófa voru menntaskólapróf sem tekin eru einkum á þeim stöðum þar sem ekki eru starfandi menntaskólar. Einnig eru önnur próf sem ekki eru háskólapróf svo sem námsbrautir fá Keili ofl. Samstarf við háskólana um próftökur er gott og verklag við það í föstum skorðum.

Námsframboð háskólanna var kynnt fyrir íbúum svæðisins á opnum fundum á maí 2014 og boðið upp á viðtöl við náms- og starfsráðgjafa. Nokkrir tugir mættu á fundina og veltu fyrir sér menntunarmögu- leikum. Framboð á námsgreinum í fjarnámi frá íslenskum háskólum hefur að mestu staðið í stað undanfarin ár. Nemendur á Austurlandi eru úr öllum háskólunum nema Listaháskólanum. Flestir stunda nám við Háskólann á Akureyri og næstflestir við Háskóla Íslands. Mestur fjöldi nemenda er í námi á sviði menntavísinda. Næst stærstu nemendahóparnir eru í viðskiptagreinum, félagsvísindum og hjúkrunar- og iðjupjálfafræðum. Aðrar greinar eru fámennari.

Flestir nemendur sóttu þjónustu til starfsstöðvarinnar á Egilsstöðum en Reyðarfjörður kemur þar næst, síðan Neskaupstaður og Vopnafjörður. Árið 2014 voru konur um 67 % háskólanemenda á skrá hjá Austurbrú sem er svipað og 2013.

## Fjölgun námstækifæra í skapandi greinum

Þverfaglegt teymi hjá Austurbrú vann árið 2014 að sóknaráætlunarverkefninu Fjölgun námstækifæra í skapandi greinum á Austurlandi sem miðar að því að gera Austurland að raunverulegum valkosti fyrir nám í skapandi greinum. Unnin var greining á framboði náms í framhaldsskólunum þremur, Menntaskólanum á Egilsstöðum, Verkmenntaskóla Austurlands og Handverks- og Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað auk LungA Skólans og fræðsluviðs Austurbrúar. Þá var haft samráð við skólana um hvar skóinn kreppi, bæði er varðar námsframboð og aðstöðu ásamt því að greina eftirspurn eftir því námi sem í boði er.

Verkefnið leiddi í ljós þörf á að kynna betur það nám í list og verkgreinum sem þegar er í boði og fjölga nemendum. Annað sem kom fram var að nauðsynlegt væri að efna til samstarfs milli framhaldsskólastigsins og grunnskólastigsins um eflingu listgreinakennslu á báðum skólastigum, en ekki síst um það hvernig listnám getur orðið raunverulegur valkostur nemenda sem ákjósanlegur starfsvettvangur í framtíðinni. Fyrstu skrefin til samstarfs voru tekin með stuðningi verkefnisins þegar haldin var vinnustofa fyrir listgreinakennara í LungA skólanum Seyðisfirði haustið 2014.

Umfjöllun í austfirskum fjölmiðlum um skapandi greinar, listamenn og nám í list- og verkgreinum á árinu 2014 var þáttur í því að koma af stað umræðu um þennan málaflokk hér í fjórðungnum.

Með verkefninu er vonast til að markverð skref í átt til styrkingar og fjölgunar námstækifæra í skapandi greinum á Austurlandi hafi verið tekin.

## Fjarvinnsla

Unnið var yfirlit um fjarvinnsluverkefni utan höfuðborgarsvæðisins fyrir Vinnumálastofnun. Markmiðið var að fá upplýsingar um fjarvinnsluverkefni, fjölda stöðugilda í hverju verkefni og fleira. Þrátt fyrir nokkra erfiðleika við að afla gagna fengust upplýsingar um fjölda fjarvinnsluverkefna sem hafa

verið í gangi nýlega og/eða eru í gangi. Upplýsingar sem væntanlega má nýta til frekari greiningar og draga ályktanir af. Athygli vakti hversu fá fjarvinnsluverkefni komu upp á borðið í heildina á landinu en Miðnorðurland er þó nokkur undantekning. Verulegur hluti þeirra verkefna sem fundust í könnuninni tengjast útibúum eða starfsstöðvum fyrirtækja eða stofnana, t.d. opinberra stofnana og banka, þannig að útibú eða starfsstöð gerir meira en að sinna sínu nærumhverfi, það sinnir ákveðnum verkþáttum í starfsemi fyrir fyrirtækið eða stofnunina í heild. Á Austurlandi eru störf í fjarvinnslu nánast ekki til lengur.

## Samstarf þekkingarsetra

Austurbrú tekur þátt í samstarfi þekkingarsetra sem njóta stuðnings á fjárlögum. Samstarfið hófst formlega með fundi í Sandgerði snemma árs 2014. Vonast er til að þekkingarsetrin noti samstarfsvettvanginn og það tengslanet sem þar skapast til að efla starf þekkingarsetrana, skerpa á hlutverkum þeirra og gera starf þeirra sýnilegra.

## Útgáfa

Meðal rannsókna og skýrslna sem Austurbrú vann á árinu 2014 voru:

- › Fjarvinnsla á Íslandi utan höfuðborgarsvæðis - Skýrsla frá október 2014
- › Námsvísir Austurbrúar sept. til okt. 2014
- › Vélfræði fyrir vélafólk - Skýrsla og námsskrá frá september 2014
- › Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum - Skýrsla frá júlí 2014
- › Nám í nýtingu á staðbundnu hráefni á Austurlandi – Námsskrá
- › Staða og viðhorf atvinnulausra kvenna á Egilsstöðum og í Fjarðabyggð - Skýrsla 2014

Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef Austurbrúar, austurbru.is.

# Markaðsmál



Hlutverk Austurbrúar snýr að markaðssetningu Austurlands í heild, þ.m.t. til atvinnu, búsetu og fjárfestinga. Unnið hefur verið út frá þessari hugsun og reynt að greina hvar skórin kreppir og hvar tækifærin liggja. Jafnframt er reynt að leggja mat á þróunina á grundvelli skýrsla frá opinberum aðilum. Helstu markaðsverkefni Austurbrúar á árinu 2014 voru eftirtalin:

## Áfangastaðurinn Austurland

Þriggja ára sameiginlegri vinnu ferðaþjónustuaðila, sveitarfélaga og samfélagsins við að skilgreina Austurland sem áfangastað var ýtt úr vör með dagsfundi á Hótel Hildibrand í Neskaupstað miðvikudaginn 24. september 2014. Vinnuna leiðir Daniel Byström, sérfræðingur í svæðis- og áfangastaðahönnun, í samvinnu við Austurbrú og Ferðamálasamtök Austurlands. Þetta er í fyrsta sinn hér á landi sem slík áfangahönnun nær yfir heilan landshluta.

Markmiðið er að Austurland standi upp úr sem áfangastaður fyrir ferðamenn og ákjósanlegur staður til búsetu. Aðstandendur verkefnisins vona að með sameiginlegri stefnu í mótun svæðisins, samræmdum aðferðum og leiðbeiningum verði því markmiði náð, en hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu telja að slíkan grunn hafi skort hingað til. Ferðamálasamtök Austurlands áttu frumkvæði að verkefninu og var leitað eftir þátttöku sem flestra; sveitarfélaga, hagsmunaaðila og almennings.

## Endurnýjun East.is

Andlitslyfting ferðaþjónustuvefsins [www.east.is](http://www.east.is) var undirbúin á árinu 2014. Það hafði staðið til um nokkurt skeið að vefurinn fengi nýtt útlit enda gegnir hann mikilvægu hlutverki í markaðssetningu Austurlands. Á síðunni má finna mikið af hagnýtum upplýsingum sem ferðamaðurinn þarfnast ætli hann að ferðast um Austurland. Þarfagreiningu og samráði við Íslandsstofu og aðrar markaðsstofur lauk að mestu fyrir árslok 2014 en síðan var opnuð um miðjan janúar 2015.

## Útgáfa smábókar, þjónustukorts og viðburðadagatala

Þjónustukortið var endurútfært 2014 í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila og „East Iceland - Official tourist guide“ (Smábókin) var jafnframt gefin út en gerðar voru miklar breytingar á henni árið 2014. Henni var skipt niður eftir sveitarfélögum sem ætti að auðvelda ferðamanninum notkun hennar, bæði við skipulagningu ferðar og við komu á Austurland. Viðburðadagatal var gefið út og hengt upp á völdum stöðum á Austurlandi.

## Póstkortakeppni

Árið 2014 stóð Austurbrú að ljósmyndakeppni með það að markmiði að afla fallelgra mynda sem hægt væri að nota á póstkort og í markaðsstarfi.

## Heimsóknir

Starfsmenn markaðssviðsins heimsóttu nær alla ferðaþjónustuaðila sumarið 2014 og kynntu fyrir þeim markaðsstarf Austurbrúar.

## Upplýsingamiðstöð Austurlands

Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum ber ábyrgð á almennri upplýsingagjöf til ferðamanna og annarra aðila er koma að ferðaþjónustu. Hún er skilgreind sem landshlutamiðstöð fyrir Austurland og hefur ákveðnar skyldur sem slík, t.d. hvað varðar opnunartíma og miðlun á bæklingum og öðrum upplýsingum.

Vegna rekstrarerfiðleika var henni lokað í nóvember og ljóst er að um mikla afturför í þjónustu við ferðamenn var að ræða. Því hófst þegar vinna við að skoða með hvaða hætti og hvernig ætti að opna að hana að nýju. Í árslok hylti undir lausn þegar ákveðið var að ganga til samninga við Hús Handanna. Það var tilkynnt í byrjun árs 2015 og loks gengið frá samningi í apríl 2015.

## Egilsstaðaflugvöllur

Eitt af megin markaðsverkefnum Austurbrúar er vinna við að koma á millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll en verkefnið er skilgreint sóknaráætlunarverkefni og eitt af aðaláhersluverkefnum landshlutans.

Nokkrir mikilvægir áfangar náðust á síðasta ári.

- › Samstarf komst á milli Norðurlands og Austurlands um þetta sameiginlega hagsmunamál og ályktanir voru gerðar gegn eingáttastefnu á Íslandi.
- › Komið var á tengslum við ferðaþjónustuaðila og flugfélög erlendis um framgang verkefnisins.
- › Kynningarbæklingur um flugvöllinn var unnin í samstarfi við Isavia.
- › Egilsstaðaflugvöllur var skráður inn í Amadeus bókunarkerfið sem gerir hann mun sýnilegri.
- › Stýrihópur um verkefnið var myndaður vorið 2014. Í honum sitja fulltrúar fyrirtækja, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila. Hópurinn er mikilvægt bakland verkefnisins.

## Sýningar og kaupstefnur

*Mannamót* voru haldin í janúar í Reykjavík. Tilgangurinn er að kynna ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni fyrir ferðaþjónustuaðilum, ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúi Austurbrúar sat ráðstefnuna ásamt fulltrúum austfirskra ferðaþjónustufyrirtækja.

*ITB í Berlín* haldin í mars. Fulltrúi Austurbrúar var með kynningarbás ásamt starfsmanni Íslandsstofu.

*Vestnorden* kaupstefnan var haldin í Reykjavík í október. Austurbrú var með kynningarbás, ásamt öðrum markaðsstofum landshlutanna.

*Mid-Atlantic* kaupstefnan var haldin í Reykjavík í mars. Fulltrúar Austurbrúar voru með kynningarbás þar og áttu fundi með ferðaþjónustuaðilum víða að úr heiminum.

## Blaðamannaferðir

Austurbrú kappkostar við að veita alla þá aðstoð sem hún getur veitt blaðamönnum og öðru fjölmiðlafólki.

Tekið var á móti blaðamanninum Caroline Eden sem skrifaði grein þar sem m.a. var fjallað um franska

arfinn á Fáskrúðsfirði. Einnig var tekið á móti blaðamönnum frá *Financial Times* og *New York Times* auk nokkurra ljósmyndara í samstarfi við ferðaþjónustuaðila á Austurlandi.

## Viðburðir

*Dagar myrkurs* hófust fimmtudaginn 6. nóvember og stóðu til 16. nóvember. Á þessari austfirsku menningarveislu var boðið upp á tónlist, myndlist, kertaljós og kósý-stundir, ljóðalestur, draugagang, afturgöngu, bílabíó, ástardaga, hlaðborð og þjóðlega rétti, sviðamessu, myrkra- og grímuböll, og stjörnum og norðurljósum fagnað svo eitthvað sé nefnt.

*Jól á Austurlandi* - Markaðssviðið stóð fyrir þessu átaki í níunda sinn og tókst vel til. Fjöldmörg fyrirtæki tóku þátt í viðburðinum og leituðust í sameiningu við að hvetja fólk til að versla í heimabyggð og taka þátt í skemmtilegum viðburðum tengdum jólamánuðinum. Styrkir stóðu undir kynningarkostnaði. Jól á Austurlandi er gott dæmi um afbragðs samvinnu styrktaraðila og samtakamátt ferðaþjónustu, verslunar og menningarstofnana.

## Markaðstengt fræðsluverkefni

*Nordtournet* - Austurbrú hóf á árinu 2014 þátttöku í evrópuverkefni sem styrkt er af Nordplus adult. Frumkvæðið að verkefninu kom frá Litháen en í því taka þátt stofnanir í Svíþjóð og Eistlandi auk Litháen og Austurbrúar. Verkefnið heitir „Tourism Development Challenges in Nordic and Baltic Countries“ og er tilgangur þess að byggja upp tengslanet fullorðinsfræðsluaðila sem vinna að ferðamálum á strjálbýlum svæðum á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum.

*Staðarleiðsögn* - Talsverð vöntun er á þjálfuðum leiðsögumönnum eystra og hefur Austurbrú reynt að svara þessari eftirspurn. Haustið 2014 fór af stað 120 kennslustunda námskeið þar sem fólk lærði ýmsa færni í ferðaþjónustu. Á námskeiðinu var fjallað um ferðamennsku almennt, náttúruferðir, dýralíf, jarðfræði, menningu, atvinnulíf Austurlands auk þess sem nemendur fengu þjálfun í leiðsögn og skyndihjálp. Um tuttugu nemendur luku náminu í apríl 2015.

## Afhending Klettsins

Þóra Bergný Guðmundsdóttir, sem rekið hefur farfuglaheimilið *Hafölduna* á Seyðisfirði frá árinu 1975, hlaut viðurkenninguna „Kletturinn“ sem Ferðamálasamtök Austurlands og Austurbrú stóðu fyrir. Klettinn hljóta þeir sem lengi hafa staðið í framvarðarlínu atvinnugreinarinnar á Austurlandi. Þóra hefur rekið farfuglaheimili á Seyðisfirði í tæp fjörutíu ár en hefur undanfarið eftl starfsemina með kaupum á „Gamla spítalanum“ sem hún gerði upp. Meet the Locals og Travel East hlutu verðlaun fyrir frumkvöðlastarf.

## Samstarf í kynningarmálum

*Sameiginlegt útlit* - Átak var gert í ytri markaðssetningu á ferðasýningum með sameiginlegu útliti ferðaþjónustuaðila. Þetta var gert á Vestnorden-ráðstefnunni í október og vakti mikla athygli og er Austurland fyrsti fjórðungurinn til að taka upp samræmt útlit á sýningum.

*Pocket Guide* - Austurbrú hefur í samstarfi við sveitarfélögin á Austurlandi unnið að þróun smáforritsins

Pocket Guide sem er einskona stafrænn leiðsögumaður.

*Unique Iceland* - Samstarf með sveitarfélögum síðasta vor um gerð kynningarinnslaga inn á vef Icelandair.

*Í Ferðahug* - Stutt myndbönd með þemamyndböndum. Ætlaðar innlendum ferðamönnum. Unnið í samstarfi við markaðsstofur og Ferðamálastofu Íslands.





# Menningarmál



Flest menningarverkefni Austurbrúar á árinu 2014 sneru að framkvæmd samnings ríkis- og sveitarfélaga um menningarmál frá 15. apríl 2011. Auk þess er Miðstöð menningarfræða hluti af menningarsviðinu og starfar samkvæmt samningi Seyðisfjarðarkaupstaðar og ríkisins. Seyðisfjarðarkaupstaður hefur falið Austurbrú framkvæmd samningsins og er starfsmaður Miðstöðvarinnar starfsmaður Austurbrúar og daglegur rekstur og starfsemi hluti af menningarsviði Austurbrúar. Menningarverkefni Austurbrúar stuðla að þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál.

## Tafir á endurnýjun samnings

Samkvæmt venju var auglýst eftir styrkjum til menningarverkefna í nóvember 2013 fyrir árið 2014, bæði verkefnastyrki og stofn- og rekstrarstyrki. Menningarsamningur ríkis og sveitarfélaga var laus um áramótin 2013/2014 og ekki gengið frá endurnýjuðum samningi fyrr en í maí 2014. Vegna þessa dróst úthlutun menningarstyrkja fram í lok maí sem gerði skipuleggjendum verkefna og stjórnendum menningarstofnana erfitt fyrir. Til að draga úthlutun styrkja ekki frekar ákveðið að halda ekki úthlutunar-athöfn en slíkar athafnir hafa verið haldnar frá upphafi menningarsamnings Austurlands 2002.

Úthlutað var til 73 verkefna úr báðum sjóðunum samtals rúmlega 40 milljónum króna. Fjöldi umsókna bar öflugum menningarlífi Austurlands vitni en alls bárust 111 umsóknir í annars vegar verkefnastyrki og hins vegar stofn- og rekstrarstyrki. Heildarkostnaður verkefna sem sendu inn umsóknir um menningarstyrki var 563.376.668 krónur. Sótt var um 97.817.581 kr. en alls var úthlutað 40.650.000 kr. Að venju fóru verkefnið mis fljótt af stað og nokkur þeirra náðist ekki að framkvæma á árinu vegna þeirrar seinkunnar sem varð á úthlutun. Flest þessara verkefna verða framkvæmd á fyrri hluta árs 2015.

## Erlent samstarf

Erlenda samstarfið við Vesterålen í Noregi og Donegal á Írlandi hélt áfram árið 2014. Umræða var um það að mikilvægt væri að formgera samstarfið enn frekar til þriggja ára. Því var gengið frá þriggja ára samningi um samstarf í menningarmálum milli menningarráða Vesterålen, Donegal og Austurbrúar á ráðstefnunni *Óbeisluð Orka/Grenselös Energi* sem nánar er fjallað um hér neðar.

## Heimsóknir listamanna

Menningarráð Vesterålen hafði fjármagn frá Nordlandfylki til þess að bjóða einum listamanni frá Austurlandi til ferðar og dvalar í Vesterålen og fór Alfa Freysdóttir, innanhússarkitekt, til dvalar í Noregi þar sem hún vann með heimamönnum.

Á árinu 2014 hafði Menningarráð Vesterålen jafnframt fjármagn til að bjóða öðrum listamanni til Íslands og tókum við á móti þeim listamanni hér á Austurlandi. Sindre Myrbostad, píanóleikari og tónskáld, varð fyrir valinu og dvaldi í Jensenshúsi á Eskifirði auk þess sem hann hélt tónleika í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði og í Norræna húsinu í Reykjavík.

Þá fór safnafólk frá Austurlandi og Eyþingi á ráðstefnu og í vinnuferð til Vesterålen þar sem Pétur Kristjánsson frá Tæknimínjasafninu á Seyðisfirði flutti erindi. Auk þess kynntu þau sér starfsemi Museum Nord sem er samstarfsvettvangur safna á stóru svæði í Noregi.

## Ritmaför

Verkefnið Ritmaför samstarfsverkefni fiskvinnslufyrirtækjanna Eskju og BioMar hélt áfram á árinu. Farið var til Noregs í apríl þar sem Garðar Eðvaldsson saxafónleikari spilaði á tónleikum í verksmiðju BioMar og á tvennum öðrum tónleikum meðal annars með stórsveit Vesterålen. Í gönguvíkunni „Á fætur í Fjarðabyggð“ var svo Ritmafortónleikar á Eskifirði þar sem fiðluleikarinn Hugo Hilde frá Noregi spilaði ásamt Garðari og fleirum á tónleikum í Randúlfsjóhúsi og víðar m.a. uppi á Goðatindi í 912 m hæð. Fleiri tengsl voru mynduð á árinu milli listamanna í tengslum við samstarfið við Noregi meðal annars með heimsókn á LungA hátíðina.

## Óbeisluð Orka / Grenselös Energi

Hæst bar þó í samstarfinu á árinu ráðstefnan *Óbeisluð Orka / Grenselös Energi – samstarf milli jaðarsvæða* og viðburðir henni tengdir, sem haldin var í Norræna húsinu í Reykjavík 23. – 26. október. Tíu ár voru liðin frá því að samstarfið hófst á milli Austurlands og Vesterålen og þótti mikilvægt að gera því skil um leið og framhaldið yrði skoðað. Öll dagskráin var mjög vel lukkuð og fjöldi gesta bæði innlendir og erlendir frá Vesterålen, Donegal, Færeyjum, Danmörku og Grænlandi tóku þátt í henni. Fyrirlesarar á ráðstefnunni voru meðal annars Katrín Jakobsdóttir fyrrverandi mennta – og menningarmálaráðgjafi, Garðar Eðvaldsson tónlistarmaður og fleiri.

Ráðstefnan endaði með pallborðsumræðum sem stýrt var af Hlín Agnarsdóttur og Hauki Ingvarssyni. Til þess að fjármagna ráðstefnuna var sótt í norsk/íslenskan menningarsjóð. Menningarráð Vesterålen fékk 50 þúsund norskar krónur til samstarfsins, en samstarfssvæðin hafa fengið níu sinnum úr sjóðnum til samstarfsins. Fyrir ráðstefnuna var gefinn út bæklingur á íslensku og norsku um samstarfið milli Austurlands og Vesterålen sem ber heitið *Óbeisluð orka – Grenselös energi*. Bæklingnum er ætlað að varpa ljósi á samstarfið í tíu ár og gefa öðrum sem hyggja á slíkt samstarf möguleika á því að nýta reynsluna.

## Eyjahjartað

Austurbrúar fékk 10 milljóna króna frá styrk frá Nordregio – Nordic Demographic Programme 2013-2014. Þetta er norrænt rannsóknarverkefni á fjárhags-, félags- og menningarlegu virði þess framlags sem brottflutt ungt fólk leggur til við ýmis menningarverkefni og viðburði á heimaslóðum. Að verkefninu standa sveitarfélagið Vágur í Færeyjum, CRT á Borgundarhólmi, menningarráð Vesterålen og Austurbrú. Verkefninu var og er stýrt af Elfu Hlín Pétursdóttur. Verkefnið sem valin voru til rannsóknar voru LungA-hátíðin, Bræðslan, Eistnaflug og Sviðamessan á Djúpavogi. Vinna við verkefnið á árinu 2014 fólst einkum í söfnun gagna og greiningu.

## Samstarf

Austurbrú tók þátt í ýmis konar menningarsamstarfi á árinu 2014. Má þar nefna:

*Samstarf menningar og ferðaþjónustu* innan Austurbrúar við sveitarfélögin á Austurlandi er talsvert og reglulegir fundir þessara aðila voru á árinu.

*Reglulegir fundir með menningarmiðstöðvunum þremur* á Austurlandi voru haldnir og reynt var

eftir bestu getu að halda uppi ráðgjöf og þjónustu jafnt fyrir listamenn sem og aðra sem vinna í menningarmálum innan fjórðungs sem utan.

*Samstarf við Norræna félagið á Íslandi. Í samstarfi við það var haldið málþing á Egilsstöðum sem bar yfirskriftina Tækifæri í Norrænni samvinnu.*

Þá var samstarf menningarfulltrúa landshluta með nokkuð venjubundnum hætti.

### **Efling skapandi greina**

Talsvert samstarf er innan Austurbrúar og hefur verkefnastjóri skapandi greina hjá Austurbrú skapað nýjan vettvang til samstarfs sem leiðir til enn frekari eflingar menningaruppbyggingar á Austurlandi. Með slíkum starfsmanni skapast aðgengi og uppbygging fyrir menninguna og listina til að eflast á nýjan hátt. Meðal annars má nefna mörg verkefni á sviði hönnunar sem hafa orðið til á síðustu mánuðum og árum sem leiðir til þess að fleiri og fleiri hafa áhuga á því að vinna í faginu á Austurlandi í lengri eða skemmri tíma. Mjög áhugavert er að fylgjast með þeirri þróun sem nú er í hönnun á Austurlandi og bera fyrstu hönnunarverðlaun Íslands sem komu í hlut verkefnisins *Austurland – Designs from Nowhere* þess gleggst merki.



# Samband sveitarfélaga á Austurlandi



Á 48. aðalfundi SSA sem haldinn var á Vopnafirði dagana 19. og 20. september 2014 voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2014 -2015: Arnbjörg Sveinsdóttir, Gauti Jóhannesson, Gunnar Jónsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Sigrún Blöndal og Stefán Grímur Rafnsson. Til vara: Eydís Ásbjörnsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jakob Sigurðsson, Margrét Guðjónsdóttir, Sóley Dögg Birgisdóttir og Svandís Ingólfssdóttir .

Á fyrsta fundi stjórnar var Sigrún Blöndal kjörinn formaður, fyrsti varaformaður Jón Björn Hákonarson og annar varaformaður Gauti Jóhannesson. Þau eiga samhliða sæti í framkvæmdaráði SSA.

Ein nefnd starfar á vegum SSA milli aðalfunda, átta manna nefnd um samgöngumál þar sem fulltrúar koma frá öllum sveitarfélögum á Austurlandi. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar á heimasíðu SSA.

Eins og á fyrri fundum var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild. Meðal þess sem var rætt voru staðbundnir fjölmiðlar, markaðssetning Egilsstaðaflugvallar og húsnæðismál, svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess voru að venju samþykktar fjölmargar ályktanir sem varða málefni landshlutans.

## Helstu verkefni

Skipulag og rekstur Almenningsgangna á Austurlandi heyrir undir starfssvið SSA. Starfsmaður Austurbrúar á sviði nýsköpunar og þróunar sá um skipulag og útfærslu á verkefninu en í nóvember 2014 færðist það til verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála. Góðar almenningsgangur eru mikilvægur þáttur í eflingu byggðar, þar sem fólk getur ferðast milli staða/landshluta með heildstæðu, skipulögðu kerfi. Því er hins vegar ekki að leyna að ýmis vandkvæði hafa verið á framkvæmd verkefnisins um allt land og landshlutasamtökin m.a. sum hver átt í málaferlum vegna þess. Stjórn SSA hefur lagt áherslu á það við yfirvöld að lagarammi í kringum almenningsgangur og framkvæmd þeirra verði skerptur.

Eitt megin verkefni stjórnar SSA á síðari hluta ársins 2014 var vinna við nýjan samning um sóknaráætlun en með honum voru sameinaðir þrír samningar; vaxtarsamningur, menningarsamningur og samningur um sóknaráætlun. Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna sem koma inn í landshlutana er gríðarlega mikilvægt verkefni. Stjórn SSA hefur lagt ríka áherslu á að við skiptingu fjármagns sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutanna, m.a. hvað fjarlægð og þéttleika byggðar varðar. Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál gerir ráð fyrir að á komandi árum verði fleiri verkefnum beint inn í farveg samnings um sóknaráætlun.

Fundargerðir stjórnar, ályktanir og erindi aðalfundar, samþykktir fyrir nefndir má finna inn á heimasíðu SSA, ssa.is

